

## Starfsskýrsla Betadeildar starfsárið 2003–2004

Starfsárið hófst með stjórnarfundum í september þar sem hugmyndir um vetrardagskránna voru ræddar. Voru þær síðan lagðar fyrir fyrsta félagsfund svo sem venjan er, en hann var að þessu sinni haldinn 6. október að Eikarlundi 10 hjá Önnu Þóru Baldursdóttur. Í vetur verður meginviðfangsefnið listir eins og starfsárið 2001–2002, en áhugi var fyrir að halda áfram með það viðfangsefni í deildinni enda af nógu að taka hér á svæðinu. Á fyrsta fundi var einnig sagt frá Evrópuráðstefnunni, en fimm Betasystur sóttu hana, þær Anna Þóra Baldursdóttir, Helga Ásg. Thorlacius, Jóhanna S. Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir og Rósa K. Júlíusdóttir. Tóku þær allar virkan þátt í undirbúningsstörfum fyrir ráðstefnuna og vinnu á meðan á henni stóð. Þá var sagt frá gjöf sem deildinni barst frá Jennu Jensdóttur rithöfundu og kennara, blaðagrein og þýðing Jennu á kvæði. Kann deildin Jennu bestu þakkir fyrir. Gjöfinni verður komið fyrir í mynda- og minningaalbúmi deildarinnar. Einnig var sagt frá framkvæmdaráðsfundi o.fl.

Annar fundur var haldinn þann 4. nóvember í Háskólanum á Akureyri og var hann helgaður myndlist. Þar sagði Rósa K. Júlíusdóttir, Betasystir, okkur frá meistaraþrófsverkefni sínu í mjög fróðlegu erindi sem hún nefndi *Hlutverk lista og listsköpunar í daglegu lífi ungmenna*. Í rannsókn sinni ræddi Rósa við ungmenni sem lært hafa og stundað myndlist sem áhugamál frá unga aldri og gerði grein fyrir áhrifum þeim sem sú ástundun hefur haft á líf þeirra og þroska.

Jólafundur var haldinn þann 29. nóvember í Glerárskóla samkvæmt venju á laugardagsmorgni þar blandaðist saman matarlist og fjölmennig því á fundinn kom góður gestur, Surekha S. Datye, land- og ferðamálafræðingur frá Indlandi, sem sagði frá hátíðum, siðum og venjum þar í landi og gaf okkar að smakka á indverskum eftirréttum. Surekha hefur verið búsett á Akureyri í mörg ár og miðlað þekkingu um indverskt samfélag, m.a. því að halda námskeið í indverskri matargerð um árabíl.

Í janúar var svo hinn hefðbundni bókafundur haldinn hjá Jóhönnu S. Þorsteinsdóttur í Furulundi 4g, þar sem Betakonur komu saman og sögðu frá bókum, sem þær hafa lesið um jólin eða á árinu og eru að þeirra mati áhugaverðar. Allar komu að venju með smá sýnishorn af jólakökunum þannig að úr varð stórveisla. Bókafundurinn hefur sérstakan sess í hugum Betakvenna.

Viðfangsefni febrúarfundarinnar þann 18. febrúar í Menntaskólanum á Akureyri var leiklist. Enn fengum við góðan gest á fund, Ingibjörgu Hjartardóttur, rithöfund, sem sagði okkur hvernig leikrit verður til, en leikrit hennar, *Draumalandið* var frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar í febrúarmánuði. Var áhugavert að skyggjast inn í þetta samspil höfundar og leikenda og fá að fylgjast með þróun verksins.

Á marsfundinum þann 25. mars var komið að tónlistinni, en þá þeim hittumst við í húsnaði Tónlistarskólans á Akureyri, þar sem Magna Guðmundsdóttir, Betasystir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans og verðandi framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, sagði okkur frá undirbúningi sinfóníutónleika, bæði faglega og í framkvæmd, og flutti nokkur tóndæmi. Það er ljóst að allmargar hendur þurfa að koma að til að slíkir tónleikar verði að veruleika. Nýr heimur opnaðist fyrir mörgum okkar.

Starfsárinu lauk svo með aðalfundi þann 7. maí og var hann haldinn hjá Maríu Steingrimsdóttur í Vallargerði 4f og var fundurinn með hefðbundnu sniði. Þar var tekin inn nýr félagi, Anna Jóhannesdóttir kennari í Giljaskóla. Sú hefð hefur skapast að taka inn nýja féлага á lokafundi og hópurinn fer síðan út að borða og nýtur skemmtilegrar kvöldstundar saman. Svo var einnig í þetta sinn.

Betadeild hefur tekið mjög virkan þátt í starfi landssambandsins á þessu starfsári þar sem við eigum bæði forseta og ritara landssambandsins þetta kjörtímabil, þær Rósu K. Júlíusdóttur, landssambandsforseta og Helgu Thorlacius ritara. Þá situr ritstjórn Fréttabréfsins einnig hér norðan heiða, en það eru þær Margrét Kristín Jónsdóttir, Selma Hauksdóttir og Sigrún Aðalgeirsdóttir.

Stjórnin þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn, fluttu okkur efni, sáu um veitingar á fundum og annað sem til féll, svo og öllum félögum fyrir notalegar samverustundir. Lauk þar með enn einu ánægjulegu starfsári í Betadeild á Akureyri.

Anna Þóra Baldursdóttir  
formaður